

1924

Föstudaginn 7. október 1994.

Nr. 413/1994.

Þorvaldur Baldvinsson
Baldvin Þorvaldsson
Kristján Þorvaldsson og
Sigfús F. Þorvaldsson

(Árni Pálsson hrl.)

gegn

Valdemar Baldvinssyni hf.

(sjálfur)

Kærumál. Endurupptaka. Frávísun frá Hæstarétti að hluta. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar skutu þessu máli til Hæstaréttar með kæru 26. september 1994, sem barst réttinum með kærumálgögnum 4. október sl. Kæruheimild er í q-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra, upp kveðinn 21. september 1994, þar sem er hafnað kröfu um endurupptöku á máli nr. E-5/1994, sem varnaraðili í þessu máli höfðaði á hendur sóknaraðilum. Það mál var þingfest 13. janúar 1994, en úti-
vist varð þar af hálfu stefndu, og var því lokið sama dag með áritun stefnu, þar sem dómkröfurnar voru teknar til greina. Sóknaraðilar krefjast, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og krafa þeirra um endurupptöku málsins í héraði verði tekin til greina. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilum gert að greiða sér kærumálskostnað.

Beiðni um endurupptöku fyrrnefnds máls er dagsett 3. mars 1994 og undirrituð af Sigurði Eiríkssyni héraðsdómslögmanni. Segir í beiðninni, að þess sé farið á leit, að málið verði endurupptekið. Er greint frá því, að stefna í málinu hafi verið árituð 13. janúar 1994, en „málsúrslit urðu stefnda Þorvaldi kunn hinn 2. febrúar 1994 þegar hann fékk kvaðningu um fjárnám frá sýslumanni á Akureyri“, eins

og þar segir. Í beiðninni er hvergi sagt, af hálfu hvers eða hverra hún sé sett fram, en þar er þó í nær öllum tilvikum rætt um „stefnda“ í eintölu, þegar greint er frá kröfum, málsástæðum og sönnunargögnum. Beiðnin var lögð fram á dómþingi 15. september 1994, þar sem var bókað, að tekið væri fyrir málið Valdemar Baldvinsson hf. gegn Kristjáni Þorvaldssyni, Sigfúsi F. Þorvaldssyni, Baldvini Þorvaldssyni og Þorvaldi Baldvinssyni. Segir í bókun, að fyrir hönd Þorvalds Baldvinssonar mæti Sigurður Eiríksson héraðsdómslögmaður, en ekki er minnst á, hvort sótt hafi verið þing af hálfu annarra, sem var upphaflega stefnt í málinu. Í hinum kærða úrskurði er orðalagi hagað þannig, að þar sé leyst úr beiðni Þorvalds Baldvinssonar um endurupptöku umrædds máls. Verður samkvæmt framansögðu að líta svo á, að hann hafi staðið einn að beiðninni.

Auk Þorvalds Baldvinssonar standa að kærú í máli þessu þeir Baldvin, Kristján og Sigfús Þorvaldssynir. Samkvæmt áðursögðu stóðu þrír þeir síðastnefndu ekki að þeirri beiðni um endurupptöku máls, sem hinn kærði úrskurður varðar, og létu þeir meðferð hennar í héraði ekki til sín taka. Geta þeir því ekki orðið aðilar að kærú máli þessu. Ber þannig að vísa því sjálfkrafa frá Hæstarétti hvað þá varðar.

Fyrir Hæstarétti ber sóknaraðili fyrir sig sömu röksemdir og greint er frá í hinum kærða úrskurði. Að auki ber hann því við, að þótt frestur samkvæmt 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991 til að leita endurupptöku hafi verið liðinn hvað varðar Þorvald Baldvinsson, hafi fresturinn gagnvart Baldvini, Kristjáni og Sigfúsi Baldvinssonum í raun ekki enn byrjað að líða, enda hafi þeim ekki verið kunnert um dómsúrlausn á hendur sér. Á þessari síðastnefndu málsástæðu getur sóknaraðilinn Þorvaldur ekki byggt fyrir sitt leyti, og kemur hún því ekki til álita hér.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar má staðfesta hann þannig, að hafnað sé beiðni Þorvalds Baldvinssonar um endurupptöku fyrrnefnds máls. Verður honum gert að greiða varnaraðila kærú málskostnað eins og í dómsorði greinir.

Beiðni sú um endurupptöku máls, sem hinn kærði úrskurður gekk um, barst Héraðsdómi Norðurlands eystra 3. mars 1994. Hún

var ekki tekin fyrir á dómþingi fyrir en 15. september 1994, en enga skýringu er að finna í framlögðum gögnum á þessum verulega drætti á meðferð hennar. Ber að átelja þetta.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti, að því er varðar sóknaraðilana Baldvin Þorvaldsson, Kristján Þorvaldsson og Sigfús F. Þorvaldsson.

Hafnað er beiðni Þorvalds Baldvinssonar um endurupptöku á málinu E-5/1994: Valdemar Baldvinsson hf. gegn Þorvaldi Baldvinssyni, Baldvini Þorvaldssyni, Kristjáni Þorvaldssyni og Sigfúsi F. Þorvaldssyni.

Sóknaraðili, Þorvaldur Baldvinsson, greiði varnaraðila, Valdemar Baldvinssyni hf., 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 21. september 1994.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 15. þ. m., er til komið vegna beiðni Sigurðar Eiríkssonar hdl., dags. og mótt. 3. mars 1994, þar sem hann fer þess á leit f. h. Þorvalds Baldvinssonar með vísan til 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991, að héraðsdómsmálið nr. E-5/1994: Valdemar Baldvinsson hf. gegn Kristjáni Þorvaldssyni, Sigfúsi F. Þorvaldssyni, Baldvini Þorvaldssyni og Þorvaldi Baldvinssyni verði endurupptekið, en stefna í málinu var árituð 13. janúar 1994, en málsúrslit urðu dæmda, Þorvaldi, kunn 2. febrúar 1994, er hann fékk kvaðningu um fjárnám hjá sýslumanninum á Akureyri.

Vegna tímamarka í 1. mgr. 137. gr. in fine laga nr. 91/1991 boðaði dómari lögmennt aðila til dómþings með vísan til 2. ml. 1. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991 til þess að gefa þeim kost á að tjá sig munnlega um málið.

Lögmaður stefnda Þorvalds Baldvinssonar, Sigurður Eiríksson hdl., telur, að skýra verði hugtakið mánuður í lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991 rúmt. Er krafan hafi verið gerð, hafi verið liðnir 29 dagar, frá því að stefnda Þorvaldi varð kunnugt um úrslit málsins. Í einkamálalögum sé ekki að finna skilgreiningu á hugtakinu mánuður, en meðalmánuður sé 30,4 dagar og almanaksmánuður 28–31 dagar, bankamánuður 30 dagar, og í 2. mgr. 32. gr. hegningarlaga sé hugtakið rímmánuður. Lög nr. 6/1968 um tímareikninga á Íslandi fjalli ekki um mánaðarhugtakið. Með þetta í huga telur hann ljóst, að hvað tímamörk snerti, falli krafan um endurupptöku innan þessara marka. Svo mæli sanngirnisjónarmið með þessari túlkun í

sambandi við endurupptekt mála. Hafi mánaðarfrestur því ekki verið liðinn, og skuli málið endurupptekið.

Lögmaður stefnanda, Valdemars Baldvinssonar hf., Gunnar Sólnes hrl., mótmælir þessu sjónarmiði. Telur hann, að fresturinn til að beiðast endurupptöku hafi í þessu tilfelli liðið 2. mars 1994 og mánaðarhugtakið í einkamálalögum sé miðað við almanaksmánuð, þ. e. a. s. sömu dagsetningu mánaðarins á eftir, mánaðardag, og skipti því ekki máli, hvort almanaksmánuðurinn sé 28 dagar eða 31 dagur. Samkvæmt þessu hafi mánaðarfresturinn samkvæmt 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991 verið liðinn, og mótmælir hann því, að mál þetta verði endurupptekið. Hafi löggjafinn ætlast til annars skilnings á mánaðarhugtakinu, hefði í nýsettum XXIII. kafla nefndra laga þetta verið skýrt tekið fram. Annar skilningur á fresthugtakinu mánuður myndi leiða til óviðunandi réttaróvissu í öllum lögskiptum.

Þessu sjónarmiði mótmælir lögmaður stefnda. Bendir hann á, að í þessu tilfelli spanni umrætt tímabil yfir febrúar og mars að hluta til, og séu þá sömu rök til að nota dagafjöldann í mars eins og í febrúar, svo að rök stefnanda skeri ekki úr um það, hvort eigi að nota tímatal febrúar eða marsmánaðar.

Þessu sjónarmiði mótmælir lögmaður stefnanda.

Álit dómsins.

Það er álit dómsins, að fallast verði á skilning lögmanns stefnanda á mánaðarhugtakinu, sem hér að framan er rakið, þannig, að mánaðarhugtakið samkvæmt almennri málnotkun og svo sem það sé almennt skilið í lögum sé miðað við sama mánaðardag næsta mánaðar á eftir, burtséð frá dagafjöldanum þar á milli. Styðst þessi niðurstaða einnig við lagaframkvæmd. Hugtakið rímmánuður í almennum hegningarlögum er það sama og almanaksmánuður. Samkvæmt þessu var mánuður þegar liðinn 3. mars 1994, er beiðni stefnda Þorvalds Baldvinssonar um endurupptöku málsins barst héraðsdómi.

Endurupptöku málsins er því hafnað.

Úrskurð þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Endurupptöku málsins nr. E-5/1994: Valdemar Baldvinsson hf. gegn Kristjáni Þorvaldssyni, Sigfúsi F. Þorvaldssyni, Baldvini Þorvaldssyni og Þorvaldi Baldurssyni er hafnað.